

Stundvísi flugfélaga | Dohop

Reykjavík, 13 nóvember

- WOWair stundvísast í október
- easyJet stundvísast til Íslands og með færstar mínútur í seinkun
- Icelandair með 89% stundvísi í heildina
- Mikil bæting frá síðasta mánuði

Þegar stundvísi flugfélagana er skoðuð kemur í ljós að íslenska flugfélagið WOWair er stundvísast, með 93.3% brottfara og landinga á réttum tíma. Í síðasta mánuði var það breska lággjaldaflugfélagið easyJet sem var stundvísast. Reyndar er afar lítill munur á easyJet og WOWair, eða aðeins um 0.2%. easyJet er stundvísara í komuflugi en WOWair er stundvísara heilt yfir.

Það er þó greinilegt að easyJet hefur tekið sig mikið á síðan í síðasta mánuði þegar það var óstundvísasta flugfélagið. Íslensku flugfélögin hafa einnig bætt sig mikið, en hvorugt þeirra náði upp fyrir 90% stundvísi í síðasta mánuði, hvorki í brottförum né landingum, en nú er það aðeins Icelandair sem dettur niður fyrir 90% í stundvísi landinga.

Flugfélag	Hlutfall brottfara á réttum tíma	Meðaltöl í mínútum	Hlutfall landinga á réttum tíma	Meðaltöl í mínútum
Icelandair	91%	4,35	87%	7,48
WOW air	95%	2,31	91%	3,63
easyJet	92%	2,85	95%	1,02

Við útreikninga á stundvísi flugfélaganna notast [Dohop](#) við tölur frá Isavia. Sóttar eru upplýsingar um áætlaða brottfarar- og komutíma einstakra fluga og þær tölur bornar saman við raunverulegan tíma brottfara og koma. Hér eru aðeins birtar tölur flugfélaga sem eru með fleiri en 50 áætlunarflug á mánuði.

Um Dohop

Dohop var stofnað á Íslandi árið 2004 og starfsmenn félagsins eru nú 12, allir á Íslandi. Dohop á og rekur íslenska ferðavefinn [Dohop.is](#) ásamt sambærilegum vefjum á 29 tungumálum þar sem finna má flug, [hótelgistingu](#) og [bíllaleigu](#).